

Nefndasvið Alþingis,
b.t. fjárlaganefndar,
Austurstræti 8 - 10,
150 Reykjavík.



Reykjavík 10. desember 2021

Efni: Umsögn um 1. Mál - Þingskjal 120

Dansverkstæðið - vinnustofur dansara og sviðslistafólks vill með þessu bréfi styðja við umsögn Sjálfstæðu leikhópanna SL og taka undir með þeirra athugasemdum við frumvarp til fjárlaga 2022, eins og það liggur fyrir Alþingi á þingskjali 1.

Frumvarpið gerir ráð fyrir 42,5 milljóna króna niðurskurði á framlögum til Sviðslistasjóðs milli ára, sem stríðir gegn markmiðum nýrrar ríkisstjórnar um eflingu þeirra lögbundnu sjóða sem styðja við listir og menningu. Í frumvarpinu sjálfu segir um þau markmið (bls. 265) að skapa skuli skilyrði fyrir fjölbreytni, nýsköpun og frumkvæði í listum og menningu.

Dansverkstæðið óskar eftir skilningi þingmanna á því ástandi sem ríkir hjá sjálfstætt starfandi sviðslistafólki, sem ber uppi starfsemi atvinnuleikhópanna, og óskar eftir því að breyting verði gerð á frumvarpinu þannig að framlagið til starfsemi atvinnuleikhópa 2022 (02-982-124) verði hið allra minnsta það sama og veitt var til starfseminnar á yfirstandandi ári, eða 137 millj.kr.

Sú tala sem birt er í sundurliðun fylgirits með fjárlagafrumvarpinu 2022 er afturhvarf til ársins 2017, þegar framlagið var það sama í krónutölu, eða 94,5 millj.kr. Frá því í desember 2016 þar til í september á þessu ári hefur launavísitala Hagstofunnar hækkað um 35,73%, sem þýðir að ef miða á við árið 2017 ætti framlagið til starfseminnar 2022 að lágmarki að nema 128,3 millj.

Hægt er að vona að hér sé um mistök að ræða, en ekki ásetning, en ef rökin að baki lækkuninni eru þau að verið sé að taka burt innspýtingu sem bætt var við framlög 2021 vegna áhrifa frá covid, þá má benda á að sjálfstæðir sviðslistahópar eru enn í mjög erfiðri stöðu vegna faraldursins og verða þennan vetur allan. Þar að auki hafa þeir ekki getað nýtt sér sértækan stuðning ríkisstjórnarinnar vegna covid þrátt fyrir ítrekaðar umsagnir og beiðnir þar um.

Það er von mín að fjárlaganefnd geri þá breytingu á frumvarpinu að framlag til sviðslistasjóðs verði hækkað í það minnsta í 137 millj.kr, eða til jafns við það sem veitt var til starfseminnar 2021.

Virðingarfyllst,

Tinna Grétarsdóttir

Framkvæmdastjóri Dansverkstæðisins